

# Ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna 2018-19



Heimurinn hefur til ársins 2030 til að framkvæma fordæmalausar aðgerðir til að halda meðalhita jarðar í skefjum samkvæmt ítarlegri skýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem kom út 8. október 2018. Í skýrslunni kemur fram að ungmenni séu stór hluti af lausninni enda þarf að virkja allt samfélagið. Því er nauðsynlegt að eiga samtál við ungt fólk, þó megum við ekki takmarka okkur við það. Grípa þarf til róttækra aðgerða til að takast á við þennan brýna vanda sem steðjar að framtíðinni.

Við sjáum mörg vandamál í kringum okkur hvað varðar umhverfis-, mennta- og mannréttindamál og finnst okkur vera kominn tími til að hugsa í lausnum. Við erum mjög þakklát fyrir þau tækifæri sem við höfum fengið en okkur finnst þó að fleiri ættu að fá tækifæri sem þessi að eiga í beinum samskiptum við stjórnvöld. Það verður verkefni okkar að takast á við afleiðingar þeirra ákvarðana sem teknar eru í dag. Þess vegna er mikilvægt að við fáum rödd meðal þeirra sem eru að móta samfélög okkar og löggjöfina sem okkur er gert að búa við.

Nauðsynlegt er þó að gleyma ekki að þið hafið valdið og vonandi viljann til breytinga því næstu tíu árin eru lykilár í að ráða örlögum komandi kynslóða. Við þekkjum öll frestunaráratu í okkar daglega lífi og hvernig dagar, mánuðir, jafnvel ár geta liðið án nokkurs árangurs. Klukkan tifar, tíminn heldur áfram en spurningin er, hvenær mun seinasta sandkornið falla?

## Nývæðing menntakerfisins

- Menntun er lykill að sjálfbærri þróun.
  - Íslenskir nemendur standa sig verr í raungreinum og lestri miðað við önnur OECD lönd.
- Brotthvarf úr skóla er of hátt
  - Skortur er á fyrirmyndum og hvatningu í námi.
  - Bregðast þarf fyrir við skorti á sjálfstrausti og vanlíðan.
  - Koma þarf fræðslu um andlega líðan inn í námsskrá.
- Það borgar sig margfalt fyrir samfélagið að stíga fyrir inn fyrir NEET hópinn sem stendur utan skóla og vinnu.
- Endurskoðun innviða menntakerfisins í samstarfi við ungmenni þarf að eiga sér stað.

## Andleg líðan ungmenna

- Ungmenni á örorku finna fyrir miklum fötlunarfordómum frá öðrum ungmönnum.
- Auka þarf stuðning við öryrkja.
- Það þarf að efla sjálftraust ungmenna og byrja í leikskóla. Vera með fræðslu um andlega heilsu eða koma því inn í námsskrá.

## Stöðvun frekari stóriðju

- Við viljum stöðva framgang frekari stóriðju tafarlaust, jafnframt verði afsláttum auk undanþága í hag stóriðjunnar aflétt.
- Stóriðja stendur fyrir miklum raforkukaupum á Íslandi og sífellt er verið að auka framleiðslu raforku til að uppfylla þeirra kröfur.
- Margar virkjanaframkvæmdir hefðu verið ónauðsynlegar ef ekki hefði verið fyrir umfang stóriðju.

## Samhæfing flokkunarkerfisins

- Flokkunarkerfi á Íslandi eru háð þjónustuaðila sveitarfélaganna.
- Samræma þarf flokkunarkerfi þvert yfir sveitarfélög.

## Endurheimt votlendis

- Fylla þarf upp í skurði, votlendi gefur frá sér ónauðsynlega mikið magn koltvíoxíðs.
- Áhrifamikil aðgerð með litlum kostnaði.

Fyrir hönd ungmenna þökkum við fyrir tækifærin sem okkur hafa boðist á tímabilinu sem við sitjum sem fulltrúar í ungmennaráði heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Agla Elín Davíðsdóttir  
Auður Bjarnadóttir  
Áspór Björnsson  
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir

Eiður Atli Axelsson  
Heiður Ívarsdóttir  
Hlynur Snær Vilhjálmsson  
Hulda Margrét Sveinsdóttir

Kristbjörg Mekkín Helgadóttir  
Mathias Bragi Ölvisson  
Sigurður Einarsson Mäntylä